



# Breyting á "Aðalskipulagi Akraness 2005-2017" - Breytt landnotkun á lóð númer 5 við Vallholt




Breytingin felur í sér að landnotkun á lóð númer 5 við Vallholt sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreind sem athafnasvæði er breytt í íbúðarsvæði. Á lóðinni, sem er rúm 2000 m<sup>2</sup> að stærð, er fyrirhugað að byggja íbúðir sem þjónað gætu nemendum Fjölbautaskóla Vesturlands. Byggja má fjölbýlishús á tveim hæðum. Nýtingarhlutfall lóðar má ekki fara yfir 1.

Í Fjölbautaskóla Vesturlands er auk hefðbundinna námsbrauta til stúdentsprófs fjöldi starfstengdra námsbrauta og iðn- og verknámsbraut sem höfðar til nemenda víða af landinu. Vilji er til þess í stjórn skólans að efla enn frekar þessar brautir. Í dagsskóla FV eru 600 nemendur. Við skólann er rekin heimavist með gæslu fyrir 64 nemendur en heimavistin annar ekki eftirspurn. Talin er þörf á heimavist fyrir 90-100 nemendur.

Meðalaldur nemenda á starfstengdum námsbrautum og verknámsbraut er hærri en meðalaldur nemenda á hefðbundnum námsbrautum til stúdentsprófs og talið er að það fyrirkomulag sem er í boði í dag samsvari ekki kröfum þeirra um aðstæður til búsetu. Fyrirhugað er að byggja á Vallholti 5 litlar íbúðir fyrir eldri nemendur FV.

Lóðin er 140 metra frá skólanum. Talið er að bílaumferð í nágrenni skólans muni ekki aukast við breytta landnotkun lóðarinnar. Fyrirhugað landnotkun telst samræmast umhverfinu vel þar sem athafnasvæði og íbúðarbyggð er í nágrenni lóðarinnar.



Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 18 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann

10. nóvember 2010.

Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann 21. júlí 2010

*Stefán Þorsteinsson* Guðmundur S. Gunnarsson

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra þann 31.08.2010

*Magnus Þorvaldursson* Þórunn Þorvaldsdóttir

BEJARSTJÓRNIN AKRANES

*Jón Þorvaldursson*

Breyting á "Aðalskipulagi Akraness 2005-2017"  
Breytt landnotkun á lóð númer 5 við Vallholt

landlinur

Mkv. 1:2500/10000 (A4)	Dags. 25.09.2008	Verkheiti a529-Akranes	Skráarheiti a529.dgn	Uppdráttur þþ
---------------------------	---------------------	---------------------------	-------------------------	------------------

- Skýringar
- Skipulagssvæði
  - Íb Íbúðarsvæði
  - Óbyggt svæði
  - A Athafnasvæði
  - Bygging

Skipulagsráðgjafi

Borgarbraut 61 • 310 Borgarnes • sími 435 1254  
landlinur@landlinur.is • www.landlinur.is

Ulla R. Pedersen  
Landslagsarkitekt FLA